

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 13. desember 2019
UST201911-211/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Vatnsaflsvirkjun við Múla í Garpsdal. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að reisa rennlisvirkjun allt að 950 kW við Múlaá í Garpsdal í Reykhólahreppi. Ekki er ráðgert að virkja allt rennsli árinna þannig að vatn mun verða á fossi neðan Garpdalsvegur nema í þurrustu sumrum.

Lögð verður 2.400 m löng fallpípa frá inntaki ofan Garpdalsvatns að stöðvarhúsi neðan vegar. Ekki verður virkjað allt vatn sem rennur í Garpdalsvatn og er ekki gert ráð fyrir að vatnsborð vantsins lækki frá því sem nú er. Ef breytingar verða á vatnsborði er mögulegt að gera fyrirstöðu við útfall vatnsins til að draga úr sveiflum á vatnsborði.

Framkvæmdasvæðið er að mestu á gróðurlitlum melum og hvergi verður raskað votlendi. Í tengslum við framkvæmdina er gert ráð fyrir að fylla í skurði sem grafnir voru í votlendi innan Garpdalsvatns. Efni verður tekið úr námu í Garpdalsmelum og ætti að ganga frá eftir þá efnistöku á svipaðan hátt og Vegagerðin hefur gert.

Í greinargerð koma fram áhyggju NV um að breytingar á vatnsborði Garpdalsvatns sem er örgrunnt gætu haft neikvæð áhrif á varpfugla við vatnið. Til að hindra að slíkt gerist verður gripið til aðgerðar sem ofan greinir.


Að teknu tiliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerð er ítarleg og að mati Umhverfisstofnunar fullnægjandi.

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar sem hér um ræðir hefur vatnshlotsnúmerið 101-315-R Garpdalsá undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur